

MENNING LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 23. OKTÓBER 1993

BLAÐ **D**

HEIMMURINN OPINBERAÐIST

Í VERKFÆRI HANS

Í DAG verður opnuð á Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á verkum franska myndhöggvarans **Auguste Rodin** (París 1840 - Meudon 1917). Rodin er talinn einn merkasti myndhöggvari allra tíma. Á sýningunni sem kemur frá Rodinsafninu í París eru 62 höggmyndir og 23 ljósmyndir af listamanninum og umhverfi hans. Þar á meðal eru mörg heimsþekkt verk eins og **Hlið vítis**, **Hugsuðurinn**, **Kossinn**, **Borgararnir** frá Calais og **Balzac**. Sýningin stendur til 5. desember.

Francois-Auguste-René Rodin fæddist í París 1840, sonur undirmanns hjá embætti sýslumanns. Fjórtán ára sagði hann skilið við hefðbundna skólagöngu og fór að sækja tíma við Hinn keisaralega dráttlistar- og stærðfræðiskóla. Hann lærði að teikna eftir minni og móta af mikilli list. Hann fékk vinnu við húsaskreytingar á vegum verkataka sem unnu við listskreytingar í París á tímum Napoleons III. Þegar Hausmann hafði yfirumsjón með gagngerum breytingum á borginni.

Rodin gerði þrjár árangurslausar tilraunir til að komast í Listaskólann í París. Lát systur hans árið 1862 fékk mjög á hann, svo mjög að hann hugðist ganga í munkareglu sem faðir Eymard hafði stofnað. Rodin gerði portrett af Eymard sem ráðlagði honum að hætta við að gerast munkur. Hann fór að ráðum Eymards, tók að sækja tíma hjá Barye í Safninu og fór að vinna hjá Carrier-Belleuse. Hann fékk ekki að sýna Nefbrotna manninn á árlegri Salonsýningu 1864, en það var áfall fyrir hann því að með öðrum hætti gátu listamenn hvorki náð til almennings né gert sér vonir um að fá pantanir um verk. Hann hittir hina fögru saumakonu Rose Beuret sem ól honum son og varð lífsförunautur hans til æviloka. Árið 1871 var Rodin vikið úr hernum vegna þess hversu nærsýnn hann var. Hann fór því með Carrier-Belleuse til Brussel og vann með honum við að skreyta Kauphöllina. Þar

RODIN Á KJARVALS- STÖÐUM

vann hann einnig að veggskreytingum og hjó út fjölda brjóstmynda eftir sínu höfði og goðsöguleg verk, einnig málaði hann.

Til Ítalíu

Árið 1875 lagði Rodin af stað fótgangandi til Ítalíu og hafði viðkomu í helstu borgum, lengsta í Flórens. Það var einkum Michelangelo sem heillaði hann og hann fylltist vinnugleði og skapaði ákaflega persónuleg verk úr sígildum efni-



Hugsuðurinn
(1880)



Kossinn(1886)

Morgunblaðið/Árni Sæberg

viði, meðal þeirra Ógnaröldina. Tveimur árum seinna var hann sakaður um myndstuld varðandi það verk. Ásökunin olli miklu fjáðrafoki og varð til þess að nafn hans komst á allra varir. Hann hélt aftur heim til Frakklands og fór að vinna við að undirbúa heimssýninguna 1878.

Þótt Rodin fengi ekki mörg verk efni á vegum hins opinbera fór orðstír hans vaxandi og ríkið keypti af honum Ógnaröldina 1880. Kynni við bókmenntamenn urðu til þess að þeir sáu um að hann fengi pöntun um gríðarmikla bronshurð í Skreytlistasafnið sem þá var í byggingu. Efniviðinn átti hann að sækja í Guðdómlegan gleðileik Dantes. Hann fékk vinnuáðstöðu í marmaraskemmu ríkisins og fyrirframgreiðslu að hluta.

Svo virðist sem Rodin hafi sjálfur valið kaflann úr ljóði Dantes, lýsingar